

## 8. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## 9. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. apríl 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Ólafur Pétursson.

## SAMÞYKKT

### um kattahald á Akranesi.

## 1. gr.

Kattahald í Akraneskaupstað sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

## 2. gr.

Aldrei skal halda fleiri en tvo ketti, eldri en þriggja mánaða, á sama heimili. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

## 3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

## 4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

## 5. gr.

Ketti skal hreinsa af spóluormum reglulega, þ.e. einu sinni á ári, eða oftár eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

## 6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Starfsmönnum Akraneskaupstaðar er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarinns ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

## 7. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Með brot út af samþykktinni skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 8. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu láta merkja þá sbr. 2. gr. fyrir 1. ágúst 2000.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. apríl 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ólafur Pétursson.*

## REGLUGERÐ

**um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður.**

### I. KAFLI

#### **Skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður.**

## 1. gr.

Umsækjandi um embætti fangavarðar, hvort heldur í fasta stöðu eða til afleysinga, skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- Vera á aldrinum 20-40 ára og hafa ekki hlotið refsiviðurlög samkvæmt almennum hegningarlögum.
- Vera andlega og líkamlega heilbrigður og standast lækniSSkoðun trúnaðarlæknis og þrekpróf.
- Hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri og hafa gott vald á íslensku.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum skilyrðum um aldur eða menntun ef sérstaklega stendur á.

Skólanefnd fangavarðaskólans metur umsóknir um fangavarðastörf. Skólanefnd er heimilt að láta umsækjendur gangast undir inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma til að meta hæfni umsækjenda.

## 2. gr.

Áður en maður hefur störf sem fangavörður skal hann sækja viku námskeið í fangavarðfræðum. Innihald námskeiðsins skal taka mið af námsgreinum í fangavarðanámi skv. 8. gr., en einkum skal leggja áherslu á fangelsisfræði, samskipti, skyndihjálpar og öryggismál.

Áður en bóklegt nám hefst skal viðkomandi standa a.m.k. tvær dagvaktir og eina næturvakt með vönnum starfsmönnum á vakt í fangelsi.